

Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður  
Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur  
Reykhólahreppur, Strandabyggð  
Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur,  
Vesturbyggð

Ísafirði 13. maí 2020

**Boð á 65. Fjórðungspings Vestfirðinga – að vori, haldið í fjarfundi 27. maí 2020**

Með vísan til samþykktar stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) þann 5. maí 2020 er boðað til 65. Fjórðungspings Vestfirðinga – að vori. Þingið verði haldið í fjarfundi og hefst kl 13.00.

Dagskrá þingsins samkvæmt 8. gr samþykta er sem hér segir;

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
5. Önnur mál löglega fram borin.
6. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur ekki í undirbúningi né hafa aðildarsveitarfélög óskað eftir að taka upp önnur mál á þinginu.

Vakin er athygli á því að ársfundur Vestfjarðastofu ses verður einnig haldinn í fjarfundi þennan sama dag og hefst kl. 15.00.

Áskilin er réttur til að breyta dagskrá þingsins allt að 10 dögum fyrir þingið, slík dagskrábreyting verður kynnt sérstaklega, auk þess sem hún verður sett inn á vef Vestfjarðastofu, en þar verður einnig hægt að finna ársreikning fyrir árið 2020 og aðrar upplýsingar er varða þingið

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu

## **Boðun 65. Fjórðungspings Vestfirðinga á tíma heimsfaraldurs kórónuveiru**

Boðun þingsins hefur þurft að aðlaga aðstæðum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Undir þessum formerkjum var fjallað boðun þingsins á fundi stjórnar þann 17. mars og 21. apríl s.l en ákvörðun þá frestað. Á fundi þann 5. maí s.l. var síðan samþykkt að boða til þingsins þann 27. maí n.k. og þá í fjarfundi. Samþykktin var hinsvegar með fyrirvara um afstöðu aðildarsveitarfélaga m.t.t. skemmri tíma til boðun þingsins en samþykktir segja um og varðandi fundarformið, fjarfund. Á móti kemur að haldið er við ákvæði samþykktu um að halda þingið í apríl eða maí.

Kannað var með tölvupósti til aðildarsveitarfélaga hvort sveitarstjórnir eða einstaka fulltrúar settu fyrirvara um boðun þingsins. Niðurstaðan var að engin sveitarstjórn setur fyrirvara á boðun þingsins. Ein athugasemd kom síðan fram frá sveitarstjórnarfulltrúa er varðar skemmri tíma á boðun þingsins.

Á grundvelli þessara nær samhljóða niðurstöðu þá boðar stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga til 65. Fjórðungspings.

### **Fjórðungsping samkvæmt nýjum samþykktum.**

Þingið er nú haldið í fyrsta sinn á grundvelli breyttra samþykktu sem tóku gildi þann 1. janúar s.l.. Helstu breytingar eru;

**Fjórðungsping að vori og Fjórðungsping að hausti.** Áfram eru haldnir tveir sameiginlegir fundir sveitarstjórnarfulltrúa á vegum Fjórðungssambandsins en í stað þess að halda tvo sjálfstæða fundi þ.e. Fjórðungsping og Haustþing þá er haldið eitt Fjórðungsping sem er frestað að vori og svo framhaldið að hausti.

### **Fulltrúar á Fjórðungsping**

Samkvæmt 1. og 2. mgr, 4. gr samþykktu FV „þá eru fulltrúar á Fjórðungspingi aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra.

Atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags deilist jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til varamanns eða annarra þingfulltrúa, skal hann tilkynna það í sveitarstjórn og afhenda viðkomandi undirritaða yfirlýsingu því til staðfestingar, sem leggja þarf fram við komu á Fjórðungsping.

Rétt er að minna á að framkvæmdarstjórnar sveitarfélaga hafa setu og tillögurétt á Fjórðungspingum.

### **Atkvæðaréttur**

Í 3. mgr 4.gr samþykktu FV segir „Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.“

Atkvæðavægi sveitarfélaga miðað við 1. janúar 2020 er sem hér segir.

Hægt er að skrá sig á fundinn á slóðinni

	Íbúar	Grunn- atkvæði	Atkvæða- vægi	á fulltrúa
<b>Reykholahreppur</b>	262	300	562	112,4
<b>Vesturbyggð</b>	1.021	300	1.321	188,71
<b>Tálknafjarðar- hreppur</b>	251	300	551	110,2
<b>Bolungarvík</b>	955	300	1.255	179,29
<b>Ísafjarðarbær</b>	3.809	300	4.109	456,56
<b>Súðavíkurhreppur</b>	208	300	508	101,6
<b>Árneshreppur</b>	43	300	343	68,6
<b>Kaldrananeshreppur</b>	109	300	409	81,8
<b>Strandabyggð</b>	457	300	757	151,4
	7.115	2.700	9.815	

Vinsamlega skráið ykkur á fundinn [hér](#)

<https://www.vestfiridir.is/is/moya/formbuilder/index/index/skraning-a-fjordungsting-2020>